

Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafns 2001

VIII

Rannsókn á minjum í Surtshelli

Guðmundur Ólafsson, Kevin P. Smith, Agnes Stefánsdóttir.



Reykjavík 2004

© Guðmundur Ólafsson/Kevin Smith/Agnes Stefánsdóttir/Þjóðminjasafn Íslands

*Forsíðumynd: Guðmundur Ólafsson við skráningu á mannvirki A í Vígishelli.
Beinarúga B er til vinstri. Horft til austurs. Ljósmynd. Kevin Smith.*

Rannsókn á minjum í Surtshelli

Inngangur

Surtshellir er stærsti og frægasti hellir Íslands og er ásamt Stefánshelli um 3,5 km langur. Hann er í landi Kalmannstungu í Hallmundarhrauni, sem talið er hafa runnið í byrjun 10. aldar.¹

Hellirinn hefur verið þekktur allt frá söguöld, hann er nefndur í Landnámu og Sturlungu og um hann hafa einnig myndast þjóðsögur, sem byggja hugsanlega á gömlum munnmælum.² Í hellinum eru merkar mannvistarleifar, bæði mannvirki og beinaleifar. Minjarnar hafa verið vel þekktar öldum saman og er m.a. getið í Ferðabók Eggerts og Bjarna. Gott yfirlit um þessar frásagnir má lesa í greinum eftir Matthías Þórðarson og Halldór Laxness og í bókinni Hraunhellar á Íslandi. Minjarnar í hellinum voru friðlýstar árið 1930.³

Rannsókn

Dagana 27. og 28. september 2001 fór fram rannsókn á vegum Þjóðminjasafns Íslands á mannvistarleifum í einum afhella Surtshellis sem ýmist er nefndur Beinahellir eða Vígishellir.

Á síðustu árum og áratugum hefur aðsókn ferðamanna aukist mjög að hellinum og hafa margir tekið bein úr beinahrúgunni til að eiga til minja um komu sína. Þetta hefur valdið minjavörslunni miklum áhyggjum vegna þess að heimildargildi beinahrúgunnar og annarra minja þarna er mjög mikið. Þarna er um einstakar menningarminjar að ræða sem ekki mega eyðileggjast og var meginástæða rannsóknarinnar sú að kanna ástand þeirra og meta þörf á frekari aðgerðum til varnar þeim.

Þáttakendur í leiðangrinum voru fornleifafræðingarnir Guðmundur Ólafsson og Agnes Stefánsdóttir frá Þjóðminjasafni og Kevin Smith, aðstoðarforstjóri Haffenreffer safnsins við Brown University, sem um árabíl hefur m.a. stundað rannsóknir á eyðibýlinu Hálsi í Hálsaveit.

Farið var með ljósabúnað, kastara og rafstöð upp að hellinum. Rafstöð var komið fyrir á hellisbarmi við op í hellinn en annar búnaður var látinn síga niður og komið fyrir í Vígishelli, sem er skúti á syllu sunnan megin við aðalhellinn eftir annað stóra opið í hellinum. Með tvöföldum 500 watta kösturum varð vel bjart í hellinum og nægði birtan til þess að athafna sig við að mæla upp og taka sýni til aldursgreiningar. Er vafasamt að nokkurn tíma hafi áður verið jafn bjart í hellinum.

*Mynd 1. Búnaður látinn síga niður í hellinn.
Ljós. Kevin Smith.*



¹ Haukur Jóhannesson 1989.


² Íslensk fornrit I 1968:240, Sturlunga saga I 1988:281, Jón Árnason 1864.

³ Eggert Ólafsson, Bjarni Pálsson 1978, Matthías Þóraðarson 1910, Halldór Laxness 1949 og 1971 og Björn Hróarsson 1990.

Vígishellir er hliðarhellir sem gengur út frá aðalhellinum að austanverðu. Hann er um 200 m frá aðalinngangi Surtshellis, suður af stóru opi í hvelfingu hellisins og liggur í norður-suður. Þegar gengið er inn í Vígishelli er gengið meðfram austurhlið hellisins eftir rúmlega 11 m breiðu hraungólfi, þar sem hellisveggurinn er á aðra hönd og stórgrýtt hrun úr lofti á hina hönd. Minjarnar eru rúmlega 30 m inn í hellinum. Fyrst er komið að um 1 m breiðum og 6 m löngum stíg, sem virðist hafa verið ruddur inn með grjóthruninu sem er norðan megin. Suðurhlið stígsins er mörkuð af einfaldri steinaröð sem aðgreinir stíginn að frá beinagrúgu sem liggur milli hans og upp að hellisveggnum og afmarkar beinahrúguna vel frá umhverfi sínu. Inn af stígnum og þvert á hann liggur grjóthlaðin tóft sem virðist hafa verið einhvers konar mannabústaður. Minjarnar voru mældar upp og 0,5 x 1,5 m snið tekið í gegn um beinahrúguna. Öllu lauslegu úr sniðinu var safnað í plastpoka til greiningar.

Lýsing á mannvirkjum í hellinum:

Mannvirki A) er hústóft hlaðin úr grjóti. Að innanmáli er hún um 7 m löng og 3,5 m breið um miðjuna, en mjókkar til endanna og er um 1,5 m við gaflana. Hún er hlaðin úr einfaldri steinaröð misstórra steina. Norðurhlið mannvirkisins virðist hafa verið bein. Grjóthleðslan er vel hlaðin að austanverðu. Veggurinn er hér um 0,8 m hár og 1 m breiður. Á miðri hliðinni er inngangur frá stígnum og er hann um 0,5 m breiður. Norðvesturhliðin er dálítið úr lagi færð og að nokkru hulin af hrundu grjóti úr lofti hellisins, en hún gæti verið að dragast að sér við gaflinn. Vesturgaflinn virðist ekki vera hlaðinn



Mynd 2. Yfirlitskort af hluta Surtshellis og rannsóknarsvæði.



Mynd 3. Hólf í austurgafli mannvirkis, e.t.v. eldstæði. Í botni þess sjást leifar af viðarkolaösku og hvítum brenndum beinaleifum á gólfinu fyrir framan það. Ljós. Kevin Smith.

skipulega, heldur að mestu vera orðinn til við að hrunið grjót hefur verið fjarlæggt innan úr tóftinni á þessum kafla og grjóthrunið látið mynda gaflinn.


Við austurgaflinn er hólf innbyggt í vegginn. Það er 40 cm breitt, 30 cm djúpt og 70 cm hátt. Flöt stór hraunhella er yfir því, 0,9 m löng og 0,3 m breið. Hnúga af viðarkolum er í botni hólfins sem nær um 20 cm inn á gólfíð og endar þar. Viðarkolin sýna að hólfíð hefur verið notað sem eldstæði. Í frásögn Eggerts Ólafssonar frá 18. öld kemur fram að engin merki um eldstæði séu í tóftinni, svo að óvíst er hversu gamlar brunaleifarnar eru.⁴

Suðurhlið hússins er bogadregin og er mjög mikið sveigð út um miðjuna. Suðausturhlið hússins er hlaðin úr allt að 1 m stórum hraunhellum. Ofan á þær er hlaðið misstórum hellum, sem gætu verið seinni tíma viðbót. Hleðslan er um 0,8 cm há og allt að 0,7 m breið. Innbrúnin er vel varðveitt og slétt.

Fyrir miðri hlið er inngangur lengra inn í hellinn. Austari brún hans markast af stórum steini sem hefur fallið inn. Inngangurinn virðist hafa verið um 0,7 m breiður.

Hleðslan í suðvesturhlið hússins er ekki eins vel hlaðin og sú sem er austan við innganginn. Steinarnir eru misstórir og óreglulega hlaðnir. Nálægt vesturgafli er hólf inn í vegginn, svipað og við austurgaflinn. Það er um 0,4 m breitt og 0,5 m djúpt, en í þessu hólf

⁴ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1981:142.



Mynd 4. Flatarteikning af minjum í Vigishelli. Hreinteikn. G. Ólafsson.



Mynd 5. Horft til austurs yfir mannvirki A. Hæð og gerð veggja sést greinilega. Sömuleiðis bogadregnir veggir og eldstæði. Inngangar eru á miðjum veggjum, undir málbandi sem strengt var þvert yfir rústina til þess að mæla út frá. Ljós. Kevin Smith.



Mynd 6. Horft til austurs yfir leifar af beinahrúgu. Fremst á myndinni er hrun ú lofti, þá er gangstígur og handan hans er beinahrúga. Nýleg steinaröð aðgreinir hana frá gangstígnum. Ljós. Kevin Smith.

voru engin bein eða viðarkol sýnileg. Þarna er því sennilega frekar um geymsluhólf að ræða en eldstæði.

Óljóst er hvernig vesturgaflinn er til orðinn. Ekki er hægt að sjá þar eiginlega hleðslu. Einna helst virðist vestasti hluti hússins hafa orðið til þannig að steinar hafi verið fjarlægðir úr hrúgu af grjóti sem hrunið hafði úr lofti hellisins, til þes að mannvirkið yrði nægilega stórt. Þó er ekki útilokað að upprunalegt mannvirki hafi verið hlaðið lengra og að steinar úr lofti hafi hrunið yfir vestasta hluta veggjarins og hulið hann. Svarið veltur á því hvort hrunið sé eldra eða yngra en mannvirkið. Úr því fæst ekki skorið nema með frekari rannsókn.

Mjög lítið var um rusl á gólfinu í þessu mannvirki. Í austurhlutanum var örþunn gráleit gólfskán, sem virtist vera leifar af brenndri beinamylnu og viðarkolum. Í þessari gólfskán fundust leifar af nokkrum jaspisflögum, sem hafa líklega verið notaðar til þess að kveikja eld. Í vestasta hluta tóftarinnar var enga gólfskán að sjá og þar var hraungólfið nánast alveg bert.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá miðri 18. öld er nefnt að á gólfi sé aðfluttur sandur, eins og sé á Fuglaeyrum.⁵ Líklega er gólfskánin blanda af þessum sandi, ösku og beinamylnu.

⁵ Eggert Ólafsson 1981:141.

Þess má geta að í gólfskáninni fundust einnig leifar eftir ferðamenn frá undanförunum 250 árum, svo sem hnappur úr beini, flasspera, álpappír og flögupoki.


Sunnan við mannvirkið er vottur af gólfskán rétt utan við innganginn og sunnan við austurgaflinn, en að öðru leyti virðast ekki vera nein mannvistarlög í hellinum innan við mannvirkið. Þar sem hægt var að sjá í hellisgólfi undir hrunda grjótinu mátti sums staðar bæði greina viðarkolaagnir og brennd og óbrennd bein.



Mynd 7. Nærmynd af yfirborði beinalagsins. Ljós. Kevin Smith.

Mannvirki B), er um 3,5 m löng og 2 m breið beinahrúga framan við húsið. Hún afmarkast til austurs af hellisveggnum, til suðurs af norðausturhlíð hússins og að vestan og norðanverðu af steinaröð sem skilur hrúguna frá stígnum sem liggur að húsinu. Að sögn Ólafs Kristóferssonar, bónda í Kalmannstungu er steinaröðin frá 20. öld, og sett til að hlífa beinahrúgunni.

Tekið var 0,5 m breitt og 1 m langt snið út frá steinaröðinni mitt í beinahrúguna. Beinalagið reyndist vera 3 – 7 cm þykkt. Beinín í beinalaginu eru vel varðveitt, en virðast öll hafa verið brotin í smátt. Þau hafa upphaflega verið brotin til mergjar, en hugsanlega hefur traðk fjölda ferðamanna á þeim einnig valdið því að þau hafa brotnað enn meira. Einnig er vert að hafa í huga frásagnir um að ferðamenn hafi hirt stærstu beinin og aðeins þau smæstu séu nú eftir. Efst voru beinin hrein, en neðst voru þau blönduð gráhvítum salla eða myslnu, sem virtist blanda af sams konar lagi og var inn í húsinu. Ætla má að ákveðin jarðvegsskolun hafi átt sér stað smám saman og að óhreinindi og eldiviðarsalli hafi runnið af efstu beinunum og safnast saman neðst. Þrátt fyrir að beinin væru brotin mjög smátt var ljóst að þau voru fyrst og fremst af húsdýrum.



Mynd 8. Snið sem tekið var gegn um beinalagið. Mælistikan liggur ofan á yfirborði lagsins. Á myndinni sést að neðstu lögin eru blönduð gráleitri mylsnu og einstaka viðarkol eru einnig sýnileg. Fremst er slétt hraungólf hellisins, sem hreinsað hefur verið fram. Ljós. Kevin Smith.

Heimildir eru fyrir því að beinalagið hafi upphaflega verið miklu meira og ýmsar frásagnir eru um að ferðamenn hafi tekið með sér bein sem minjagripir úr hellinum. Eggert Ólafsson nefnir að beinin í efstu lögunum hafi mátt mylja í smátt þegar tekið var á þeim, og að flest beinin hafi verið klofin til mergjar. Þá benda ummerki og rönd á hellisveggnum til þess að hrúgan hafi verið allt að 0,5 m þykk.⁶

Öllum beinum sem voru í sniðinu var safnað saman í poka og þau tekin sem sýni til frekari greiningar. Laginu var skipt í þrennt. Sýni 1 eru bein úr yfirborðslaginu. Sýni 2 er úr miðju lagsins og sýni 3 er úr neðsta hluta lagsins.

Tekin voru tvö beinasýni til aldursgreiningar, annað úr efsta laginu og annað úr neðsta laginu. Annars vegar til þess að komast að aldri beinanna og hins vegar til þess að kanna innbyrðis aldur milli yngsta og elsta lagsins.

Að öðru leyti voru beinin send til greiningar til Kevins Smiths, og Thomasar McGoverns prófessors við Cuny háskólanum í New York. Kevin tók einnig að sér rannsókn á jaspisflögum sem fundust við rannsóknina. (Sjá niðurstöður í viðaukum).

⁶ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1981:141-142, Halldór Laxness 1949:100. Margar munnlegar frásagnir. M.a. hafa leiðsögumenn skilað beinum úr hellinum sem þeir hafa tekið af ferðamönnum.

Mannvirki C, virðist vera varnargarður sem hlaðinn hefur verið úr stórum steinum þvert fyrir norðurenda á opi 2, þar sem hellisþakið hefur hrunið niður og myndað stórt op. Hleðslan er um 14 - 16 m löng og allt að 3 m há og er sá hluti sem sést við norðvesturhluta hellisins mjög sléttur og vel hlaðinn úr stórum steinblokkum. Ekki vannst tími til að rannsaka þessa fyrirhleðslu neitt nánar í þessari ferð. Efsti hluti hleðslunnar er óvandaðri að allri gerð og er vafalaust miklu yngri en neðsti hluti hennar. Leifar af steypu sem þarna eru sýnilegar, eru vafalaust frá yngstu viðbótt hleðslunnar. Að sögn Ólafs bónda í Kalmannstungu mun hafa verið reynt að nota hellinn fyrir fé um miðja 20. öld, og þá verið steyptr stöplur ofan á eldri hleðslu. Hætt hefði verið við fyrirætlan þegar slys urðu á mönnum.

Ekki er enn ljóst hvort elsti hluti fyrirhleðslunnar var hlaðin fyrir eða eftir að hellisþakið hrundi inn og opið myndast. Gera þarf sérstaka rannsókn til þess að ganga úr skugga um það, því að það getur haft áhrif á túlkun minjanna, um hvort um sé að ræða aðhald fyrir fé eða varnargarð gegn árásum.




Mynd 9. Horft til norðurs yfir mannvirki C. Er þetta varnargarður eða rétt? Á miðjum hellisveggnum, lengst til vinstri ofan við grjóthleðsluna, má sjá leifar af steypu frá 20. öld. Ljós. Kevin Smith.

Aldur minjanna

Um minjarnar í Surtshelli hafa gengið fjölmargar munnmælasögur. Sá sem best hefur kannað þær og skrifað af skynsamlegu viti er Halldór Laxness, og verður sú greinargerð ekki bætt hér. Þess skal aðeins getið að hann taldi að útilegusögurnar ættu ekki við nein rök að styðjast og að í hellinum hefðu einfaldlega landnemar tekið sér búsetu vegna þess að hellirinn var hentugur til að búa í á þeim tíma.

Árið 1949 tók Halldór Laxness bein úr beinahrúgunni í hellinum. Hann lét greina beinið sem reyndist vera neðri endi af lærlegg hægri framfótar af kú. Laxness lét aldursgreina beinið hjá Henrik Tauber í *Kulstof 14 - dateringslaboratoriet*, Kaupmannahöfn árið 1969. Niðurstaða þeirrar greiningar sýndi að beinin voru gömul. reyndist vera 1010 ± 100 f. 1950, eða 940 e.Kr.⁷

Árið 2001 voru tvö sýni úr beinahrúgunni send til aldursgreiningar til *AMS¹⁴C laboratoy Aarhus – Reykjavík*. Sýni 1 (AAR-7412) og 2 (AAR-7413). Niðurstöðurnar sýndu að beinin voru úr húsdýri sem virðist hafa dáið um 900, en að það hafi lifað næstu áratugi þar á undan.



Mynd 10. Myndin sýnir að bæði sýni 1 og 2 úr Vigishelli eru frá sama tíma. Mestar líkur eru á því að dýrið sem beinið er af hafi dáið um 900 eða á fyrri hluta 10. aldar.

⁷ Halldór Laxness 1969:102 – 103.

AMS ¹⁴C Dating Laboratory Aarhus-Reykjavík

Institute of Physics and Astronomy, University of Aarhus, DK-8000 Aarhus C
Science Institute of the University of Reykjavík, Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík

Samples: Gudmundur Olafsson/AES - endelige resultater**Date: 10 July 2002**

J.nr.: olafsson_rp5

AAR-#	Sample Type	Collection Site	¹⁴ C Age (BP)	Calibrated age ± 1 stdv.	δ ¹³ C (‰) VPDB	Submitter ID	Submitter
AAR-7412	bone	Surtshellir, Hvítársíðuhreppur, Ísland. Dýrabein. ca.300m asl. <i>Exp. age:</i> 1000-1300 AD.	1214 ± 41	AD 780-799; AD 725-887 (INTCAL98)	-20.83	Surt-S1	Gudmundur Olafsson/AES
AAR-7413	bone	Surtshellir, Hvítársíðuhreppur, Ísland. Dýrabein. Lýsing: sjá AAR-7412. ca.300m asl. <i>Exp. age:</i> 1000-1300 AD.	1197 ± 36	AD 783-862; AD 777-890 (INTCAL98)	-21.92	Surt-S2	Gudmundur Olafsson/AES

¹⁴C ages are reported in conventional radiocarbon years BP (before present = 1950) in accordance with international convention (M. Stuiver & H.A. Polach: Discussion of reporting **14C** data. Radiocarbon 19(3) (1977) p. 355).

Thus, all calculated ¹⁴C ages have been corrected for fractionation so as to refer the result to be equivalent with the standard δ¹³C value of -25‰ (wood). Reported δ¹³C values have been measured by Dr. Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Science Institute of the University of Iceland, in connection with the Aarhus-Reykjavík AMS ¹⁴C dating collaboration.

Calibrated ages in calendar years have been obtained from the calibration tables in *Stuiver et al. 1998 Radiocarbon vol. 40(3) pp 1041-1083* by means of the 1998 version (4.0) of the Seattle CALIB programme (*Stuiver and Reimer 1993 Radiocarbon 35(1) pp 215-230*) using the 10 yr terrestrial calibration curve. The intercept of the measured ¹⁴C age with the calibration curve is given in the first line (as a time interval if more than one intercept). The intercept method has been used to calculate the calibrated age interval (second line) corresponding to ±1 standard deviation in the conventional ¹⁴C age.

Tafla I sem sýnir geislakolsaldur beina sem greind voru úr Surtshelli.

Með því að nota leiðréttingarforritið CALIB var hægt að fá samanburð á aldri gamla sýnisins við nýju aldursgreiningarnar, sem sýndur er í töflu 2. Vegna þess hve skekkjumörk eru mikil í gamla sýninu er erfitt að nota samanburðinn beint, nema til þess að sýna fram á að þau bein eru líka gömul, og að öllum líkindum frá svipuðum tíma og yngri sýnin.

AAR-7412 (Sýni 1 efsti hluti. Top layer)

1214 ± 41 BP [AMS, Bos taurus bone fragment]

One sigma (68.2% probability) calAD 775 - 886

Two sigma (95.4% probability) calAD 690 - 939 [690 - 896 (97.5%), 923 - 939 (2.5%)]

AAR-7413 (Sýni 2 neðsti hluti. Bottom layer)

1197 ± 36 BP [AMS, Bos taurus bone fragment]

One sigma (68.2% probability) calAD 780 - 883 [780 - 794 (13.6%), 800 - 883 (86.4%)]

Two sigma (95.4% probability) calAD 694 - 958 [694 - 697 (0.5%), 718 - 747 (5.8%), 767 - 899 (86.8%), 920 - 958 (7.0%)]

K-1435 (Laxness 1969)

1010 ± 100 BP [Standard, Bos taurus bone fragment]

One sigma (68.2% probability) calAD 900 - 1160 [900 - 919 (7.1%), 959 - 1159 (92.9%)]

Two sigma (95.4% probability) calAD 781 - 1237 [781 - 792 (0.9%), 804 - 1223 (98.8%), 1233 - 1237 (0.3%)]

Tabla 2: Samræmdar niðurstöður þriggja geislakols aldursgreininga frá Vigishelli samkvæmt leiðréttingarforritinu CALIB. Radiocarbon dates from Vigishellir cave, Hvítársíða, Iceland.

Fundir

Fundanr.:	Heiti:	Mál:	Fundarstaður:	Athugasemdir
F.1	Jaspis, grænn	13x 9x 3 mm	Mannvirki A	Gólflag
F.2	Jaspis, rauðbrúnn	12x 9x 6 mm	Mannvirki A	Gólflag
F.3	Jaspis, rauðbrúnn	16x 11x5 mm	Mannvirki A	Gólflag
F.4	Tönn úr svíni		Mannvirki B	Beinahrúga
F.5	Jaspis, rauðbrúnn	7x 5x 2 mm	Mannvirki A	Mannvistarlag í gangi
F.6	Hnappur úr beini?		Mannvirki B	Beinahrúga

Jaspisbrotin fjögur voru send í upprunaefnagreiningu (Trace element signatures) hjá Royal Canadian Military College í SLOWPOKE greininum í Kingston, Ontario í Canada og sá Kevin Smith um að láta gera þær greiningar. Niðurstöður greininganna benda til þess að flögurnar séu ekki frá sama stað, heldur komi frá mismunandi stöðum á landinu. Það gæti bent til þess að í hellinum hafi dvalist menn sem komu víða að.

Engir manngerðir forngripir fundust við rannsóknina. Eggert Ólafsson greinir frá því að þegar þeir Bjarni Pálsson komu í hellinn um miðja 18. öld hafi þeir lagt sig fram um að leita að gripum í Vigishelli. Þeir fundu ekkert nema ófullgert verkfæri úr beini, um 15 cm langt með tvö kringlótt göt á öðrum enda. Þeir töldu að það hefði verið notað sem nál við skinnsaum.⁸

Hnappur sem fannst við sigtun á sýnum, er líklega frá 18. eða 19. öld.

⁸ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1981:142.

Sýni

Númer sýnis	Tegund	Fundarstaður	Athugasemdir
S-1	Dýrabein	Mannvirki B	Efsti hluti beinalags. Sent til aldursgreiningar
S-2	Dýrabein	Mannvirki B	Miðhluti beinalags. Sent til aldursgreiningar.
S-3	Dýrabein	Mannvirki B	Efsti hluti beinalags. 1 poki. 1807 gr send til tegundagreiningar í USA 28/11 01.
S-4	Dýrabein og beinamulningur	Mannvirki B	Miðhluti beinalags. 3 pokar. Rúm 2000 gr. Send til tegundagreiningar í USA.
S-5	Beinamulningur	Mannvirki B	Neðsti hluti beinalags, um 5 mm þykkur. 1290 gr send til greiningar í USA 28/11 01.

Úr sýnum voru greind rúmlega 7000 dýrabein. Langflest þeirra, eða 6067 bein, var ekki hægt að greina til tegunda. Af þeim sem hægt var að greina voru 273 bein úr kindum eða geitum, 94 úr nautgripum, 27 úr svínunum og 14 úr hestum. Það sem helst vekur athygli er að t.d. engin fisk- eða fuglabein fundust meðal beinanna. Þetta er afar óvenjulegt sértækt mataræði og er líklega sönnun fyrir því að hér er ekki um að ræða venjulega bændur sem tóku sér bólfestu í hlýjum hellinum, eins og Halldór Laxness telur að hafi verið raunin. Það þykir benda til þess að hellisbúar hafi fyrst og fremst lifað að húsdýrum sem þeir gátu náð í næsta nágrenni við hellinn en fóru ekkert til veiða. Þannig má segja að matarleifarnar styrki þá tilgátu, að hellisbúar hafi verið útlagar sem lifðu nær eingöngu á búsmala nálægri bændu og gerðu sér því bústað og athvarf langt inn í hellinum (sjá viðauka I).

Umræða og niðurstöður

Könnunin leiddi í ljós að í Vígishelli eru þúsund ára gamlar minjar sem eru einstakar í sinni röð. Þarna er mannabústaður frá landnámsöld hlaðinn úr grjóti. Varla er hægt að kalla mannvirki þetta neitt annað en hústóft. Ekki eru þekkt nein önnur dæmi um að nánast heilt hús hafi verið hlaðið neðanjarðar með þessum hætti í öðrum hellum, þó að víða finnst í þeim ýmsar hleðslur. Eldstæði og matarleifar benda ótvírætt til þess að þetta hafi verið dvalarstaður manna, sem byggt hafa sér þetta hús inn í hellinum. Bogadreginn veggur hússins minnir óneitanlega á skála víkingaaldar, og er freistandi að álykta að húsið sé frá þeim tíma. Þó er líka margt ólíkt. Hér eru engin t.d. set meðfram veggjum og svefnstaður virðist hafa verið í vesturenda hússins. Enginn langeldur á gólfi, heldur virðist eldstæði hafa verið í hólfi inn í gafl, sem minnir frekar á miðaldabæi. Hugsanlega verður að setja spurningamerki við að eldstæði hafi verið í gaflhólfi, vegna þess að þar virðast ekki hafa verið neinar eldsleifar þegar Eggert og Bjarni heimsóttu hellinn á 18. öld.⁹ Ef það er rétt hefur hólfið verið notað sem eldstæði af ferðamönnum síðari tíma, ekki af hinum fornu íbúum.

Inngangar eru á miðjum langhliðum, en ekki nálægt göflum. Af útlitinu einu saman er því ekki hægt að segja með vissu frá hvaða tíma húsið er. Gera má ráð fyrir því að húsið hafi verið byggt og í notkun á sama tíma og matarleifarnar sem eru í því og umhverfis það. Aldursgreining á beinaleifunum ætti því að jafnframt að vera allgóður mælikvarði fyrir aldur hússins. Niðurstöður þeirra sýna að beinin eru mjög forn. Munnmæli um að gömlu beinleifarnar væru alveg horfnar og að núverandi bein hefðu verið borin inn í hellinn á síðustu öldum til þess að geta bent ferðamönnum þau, eiga því ekki við rök að styðjast.

Aldur beinanna er samt sem áður umhugsunarefni. Ef gert er ráð fyrir 2 sigma staðalfrávikum þá er aldur beinanna frá um 690 – 960. Vegna þess að beinin finnast í

⁹ Eggert Ólafsson 1981:142.

hraunhelli sem myndaðist ekki fyrr en nokkru eftir 871, er einsýnt að þau hljóta að vera frá síðari hluta tímarammans. Þar sem um er að ræða bein úr kú sem hefur lifað af plöntufæði í nánasta umhverfi hellisins, er ekki um nein sjávarhrif að ræða. Þess vegna er í lagi í þessu tilviki að afskrifa og fella brott a.m.k. um 200 ár framán af aldursramma beinanna. Þá stendur eftir um 70 ára tímabil frá 890 – 960. Þetta er enn ein vísbending um að nauðsynlegt er að sýna fyllstu varfærni í sambandi við túlkun á geislakols niðurstöðum frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ef beinin hefðu fundist annars staðar en í hellinum þá hefði aldursgreiningin líklega verið talin mikilvæg sönnun fyrir því að landnám hefði getað hafist hér um eða skömmu eftir 700.

Í hellinum er einstætt safn húsdýrabeina frá landnámsöld, sem nauðsynlegt er að vernda frá eyðileggingu og rannsaka betur. Niðurstöður beinagreininga sýna að þarna eru leifar af kindum, kúm, hestum og svínunum, eins og venjan er að finna í sorphaugum frá þeim tíma. Það sem aðgreinir beinin í Surtshelli frá öðrum stöðum er að þar vantar algerlega aðrar matarleifar, eins og t.d. skeljar eða bein af fuglum og fiskum.


Fundir og sýni benda til þess að frekari rannsókn og heilstæð söfnun á lausum mannvistarleifum í hellinum mundi gefa miklu ýtarlegri og betri grunn fyrir greiningu á því sérstæða samfélagi sem hélst við í hellinum fyrir um 1000 árum.

Vakin er athygli á því að bætt aðgengi og aukinn straumur ferðamanna í hellinn setur þessar merku minjar í stöðugt meiri eyðileggingarhættu. Það er því orðið afar brýnt að ljúka rannsókn á staðnum áður en meiri spjöll verða unnin á minjunum en orðið er. Ekki er síður brýnt að tengja fornleifafræðilega rannsókn á minjum í Surtshelli við aðrar minjar í hellum í Borgarfirði og setja þær inn í víðara samfélagslegt samhengi víkingaaldar. Rannsóknir Þjóðminjasafns í Víðgelmi og Surtshelli sýna að þessar minjar hafa ekki aðeins lykilhlutverki að gegna í sambandi við skilning og túlkun á geislakols aldursgreiningum frá upphafi landnáms heldur geta þær einnig aukið skilning okkar og þekkingu á lítt rannsökuðum þjóðfélagshóp utangarðsmanna í samfélaginu við upphaf landnáms.

Heimildir

- Árný Sveinbjörnsdóttir, Jan Heinemeier 2002. *Endelige ¹⁴C resultater*. Bréf dagsett 2/10 '02.
- Björn Hróarsson 1990. *Hraunhellar á Íslandi*.
- Eggert Ólafsson 1981. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757*. Örn og Örlygur.
- Guðmundur Ólafsson 1993. Úr fylgsni fortíðar í hellinum Víðgelmi. Surtur. *Ársrit Hellarannsóknafélags Íslands 1993*. Bls. 3 – 8.
- Guðmundur Ólafsson 2004. Nya bevis för datering av Islands landnam. Ett vikingatida fynd i grottan Víðgelmir. *Current Issues in Nordic Archaeology*. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 september 2001 Akureyri Iceland.
- Guðmundur Ólafsson 2000. Fylgsnið í hellinum Víðgelmi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1998*. Bls. 125 – 142.
- Halldór Kiljan Laxness 1949. Lítil samantekt um útilegumenn. *Tímarit Máls og menningar*, maí 1949. Bls. 86 – 130.
- Halldór Laxness 1971. Ýmsar athuganir. Aldur hellismanna. *Yfirskyggðir staðir*. Bls. 96 – 105. *Reykjavík*
- Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 9*.
- Hellismanna saga 1946. *Íslendinga sögur II*. Borgfirðingasögur. Bls. 399 – 466.
- Íslensk fornrit I* 1968. Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík
- Matthías Þórðarson 1910. Tveir hellar í Hallmundarhrauni. *Skírnir*. Bls. 331 – 351.
- Sigurður Sveinn Jónsson og Björn Hróarsson 1992. Fornminjar í íslenskum hraunhellum. *Surtur. Ársrit hellarannsóknafélags Íslands 1992*. Bls. 10 – 22.
- Sturlunga saga I* 1988. Svart á Hvítu. Reykjavík.
- Stuiver, M.& Polach, H.A. 1977. Discussion of reporting ¹⁴C data. *Radiocarbon 19*(3).
- Stuiver, M et al. 1998. *Radiocarbon vol. 40*(3).
- Stuiver, M and Reimer 1993. *Radiocarbon 35*(1).


Viðauki I



Animal Bones from Vígishellir Cave, S Iceland

Dr. Thomas H. McGovern

CUNY Northern Science
and Education Center



NORSEC

CUNY Doctoral Program in Anthropology
Brooklyn College Zooarchaeology Laboratory
Hunter College Bioarchaeology Laboratory

May 16, 2002

Contact: nabo@voicenet.com

*A product of the North Atlantic Biocultural Organization (NABO) Research Cooperative
and the Leverhulme Trust "Landscapes Circum Landnám" Project*

Abstract

In 2001 excavations by the Icelandic National Museum in the lava cave Vigishellir (also called Beinahellir, Surtshellir) documented the presence of defensive walls, a rock outline of a dwelling, and a bone rich midden deposit exposed on the cave floor. Traditional stories associated these features with a band of outlaws reputed to have raided the surrounding countryside during the 10th century from their fortified refuge within the cave (until they were eventually betrayed and killed). The excavated animal bones collected during the 2001 investigations were kindly sent to the Hunter NORSEC laboratory for analysis by Guðmundur Olafsson (National Museum of Iceland) and Kevin Smith (Haffenreffer Museum of Anthropology) in spring 2003. The bones are very fragmented, both by very complete butchery and probably also by freeze thaw cycling but 372 domestic mammal fragments could be identified taxonomically from a total collection of 7,424 bone fragments. All identified fragments derived from domestic mammals regularly found in 9th-10th century Icelandic archaeofauna: cattle, pig, horse, and both sheep and goat. While shellfish, fish, bird, and sea mammal bones are regularly recovered from 10th century sites in Iceland, these remains were not present in either the identified or unidentified fragments. The domestic mammal bones appear to come from multiple individuals of each species and represent bones from the whole skeleton. While both adults and older juveniles are represented, neonatal cattle bones normally common in Icelandic farm collections are not present in the collection. If these remains are in fact associated with outlaws, they suggest that the band's impact on local farms must have been substantial.

Excavation Background

